

Fjármálaráðuneytið
Tekju- og skattaskrifstofa

18. apríl 2012

**Efni: Kynning á frumvarp til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld
(breytingar er varða framkvæmd o.fl.). 653. mál**

Í því frumvarpi sem hér er kynnt er að finna tillögur að breytingum á skattalögum sem eru af ólíkum toga en flestar varða framkvæmdaleg atriði. Um er að ræða tillögur að breytingum á lögum um tekjuskatt, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, lögum um tryggingagjald, lögum um erfðafjárskatt og lögum um umhverfis- og auðlindaskatta. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hverjum flokki fyrir sig.

Tekjuskattur.

Þær breytingar sem lagðar eru til á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru ferns konar. Í fyrsta lagi eru lagðar til breytingar á ákvæði vaxtabóta í þá veru að bætt er við ákvæði er kveður á um það að þegar einungis annað hjóna er skattskyldt hér á landi skuli ákvarða því vaxtabætur hér á landi eftir þeim reglum sem gilda um hjón, enda liggi fyrir upplýsingar um tekjur beggja. Í öðru lagi er lögð til frádráttarheimild til handa þeim sem hafa tekjur af leigu á íbúðarhúsnæði og bera takmarkaða skattskyldu hér á landi til samræmis við þá sem hafa ótakmarkaða skattskyldu. Í þriðja lagi er um að ræða tillögu er varðar skýrari tilvísun til ákvæða laganna vegna fyrirframgreiðslu sérstaks fjársýsluskatts. Loks er með breytingum á bráðabirgðaákvæði XL lagt til að endurreikningur á ólögmetum vöxtum gengistryggðra húsnæðis- og bílálana einstaklinga utan atvinnurekstrar, í kjölfar dóms Hæstaréttar, hafi engin skattaleg áhrif og leiði ekki til endurákvörðunar barna- og vaxtabóta. Gera má ráð fyrir að með breytingu á bráðabirgðaákvæði XL kunni ríkissjóður að verða af lækkun vaxtabóta sem að óbreyttum lögum yrðu ákvarðaðar. Upplýsingar um líklegar fjárhæðir liggja þó ekki fyrir.

Staðgreiðsla opinberra gjalda.

Sú breyting er lögð til á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, að skýrar verði kveðið á um skyldu milligönguaðila til að halda eftir staðgreiðslu.

Staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur.

Hér er lögð til sú breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, að skylt verði að skila sundurliðuðum skilagreinum við skil á staðgreiðslu skatts frá og með 1. janúar 2013.

Tryggingagjald.

Sú breyting er lögð til á lögum um tryggingagjald, nr. 113/1990, að gjalddaga gjaldsins verði breytt úr 1. ágúst í 1. nóvember í tilviki lögaðila, en það er í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur.

Erfðafjárskattur.

Lögð er til sú breyting á lögum um erfðafjárskatt, nr. 14/2004, að felld verði brott skylda ríkisskattstjóra til að tilkynna erfingjum um lok yfirferðar á erfðafjárskattsskýrslu.

Umhverfis- og auðlindaskattar.

Hér er lagt til að lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta, verði gerð ótímabundin, ella falla þau úr gildi í lok þessa árs. Í fyrirliggjandi áætlun um ríkisfjármál fyrir árin 2012-2015 er gengið út frá þessari tekjuöflun. Áætlað er að kolefnisgjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti og skattur af seldri raforku og heitu vatni skili ríkissjóði 5,8 mia.kr. tekjum í ár.

Ekki er talið að breytingarnar muni hafa teljandi áhrif á útgjöld og tekjur ríkissjóðs verði frumvarpið óbreytt að lögum umfram það sem þegar hefur verið gerð grein fyrir.

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2610
komudagur 22.5.2012

From: Ingibjorg.H.Helgadottir@fjr.stjr.is [<mailto:Ingibjorg.H.Helgadottir@fjr.stjr.is>]
Sent: 22. maí 2012 16:52
To: Eiríkur Áki Eggertsson
Cc: Helgi Hjörvar; 'marianna.jonasdottir@fjr.stjr.is'; Sighvatur Hilmar Arnmundsson
Subject: Re: Efnahags- og viðskiptanefnd - mál nr. 653 (skattar og gjöld)

Sæl.

Eins og fram kemur í greinargerð með 5. gr. frumvarpsins var á sínum tíma talið að upphaflegt ákvæði staðgreiðslulaga um milligöngumenn tæki jafnframt til fjármagnstekna sem síðar voru felldar undir lögín án þess að til sérstakrar lagabreytingar kæmi af því tilefni. Með úrskurði yfirskattanefndar, nr. 138/2010, var úrskurður ríkisskattstjóra, þar sem úrskurðað var um staðgreiðsluskyldu milligönguaðila, felldur úr gildi á þeim forsendum að hugtakið „milligöngumaður“ hefði ekki fastmótaða merkingu í íslenskum rétti og að lögskýringargögn veittu takmarkaða leiðbeiningu um skýringu hugtaksins. Með vísan til þessa er nauðsynlegt að gera breytingar á staðgreiðslulögunum á þann veg að ekki leiki vafi á að staðgreiðsluskyldan hvíli á milligönguaðilum við aðstæður sem þessar í samræmi við skilning skattyfirvalda.

5. gr. frumvarpsins tekur til staðgreiðsluskila milligöngumanna af söluhagnaði hlutabréfa hjá aðilum sem bera hér á landi ótakmarkaða skattskyldu skv. 3. gr. tekjuskattslaga. Samkvæmt 7. tölul. 3. gr., sem fjallar um söluhagnað hlutabréfa, sæta tekjur brúttóskattlagningu í hendi viðtakanda og ekki skiptir máli hvort um sé að ræða einstaklinga eða lögaðila. Afdregin staðgreiðsla vegna tekna skv. 7. tölul. er því fullnaðargreiðsla tekjuskatts þessara aðila án þess að fara þurfi fram frekari álagning. Um er að ræða brúttóskattlagningu umræddra tekna hjá lögaðilum óháð félagiformi og því er skatthlutfall og þar með staðgreiðsluhlutfall þeirra lægra en hjá innlendum lögaðilum, sbr. 7. tölul. 70. gr. tekjuskattslaga, enda ekki um neinn rekstrarkostnaðarfrádrátt að ræða. Verði ákvæðið ekki að lögum munu 7. tölul. 3. gr. og 7. tölul. 70. gr. tekjuskattslaga, að því er varðar söluhagnað af hlutabréfum þeirra aðila sem bera hér á landi takmarkaða skattskyldu, verða óvirk.

Ef milligönguaðili hefur ekki upplýsingar um kaupverðið ber honum að fá upplýsingar um það hjá seljanda. Sú skylda nær ekki lengra og yrði ekki krafist frekari sönnunar á kaupverðinu hjá milligönguaðilanum.

Kveðja,
Ingibjörg Helga.

Ingibjörg Helga Helgadóttir, lögfræðingur / Legal Adviser
Fjármálaráðuneytið, tekju- og skattaskrifstofa / Ministry of Finance, Department of Revenue and Taxation

Breytingatillaga við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld – 653. mál.

Við frumvarpið bætist nýr kafli er verður VII. kafli, svohljóðandi:

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

11. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo: „Tóbak telst samkvæmt lögum þessum vera sérhver vara sem inniheldur tóbak (nicotiana) og flokkast í 24. kafla í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum

Athugasemdir:

Í ákvæðinu er lagt til að breyta skilgreiningu tóbaks í lögum um gjald af áfengi og tóbaki. Í núgildandi ákvæði er gert ráð fyrir að leggja skuli tóbaksgjald á allar vörur sem falla undir 24. kafla í viðauka I við tollalög nr. 88/2005. Nýverið hafa verið fluttar inn vörur sem svípar til tóbaks í útliti en innihalda þó ekkert tóbak. Samkvæmt skilgreiningu Tollstjóra falla slíkar vörur undir 24. kafla viðauka I sem tóbakslíki. Í eðli sínu er álagning tóbaksgjalds skattur á óvenjulega neysluvöru sem skaðar heilsu manna. Gengur það því gegn bæði takmarki og tilgangi laganna að leggja tóbaksgjald á vörur sem innihalda ekki tóbak. Lagt er því til að þrengja skilgreininguna þannig að hún falli einungis á vörur sem innihalda í rauninni tóbak (nicotiana).

Alþingi
Erindi nr. P/140/2527
komudagur 15.5.2012

Breytingatillaga við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld – 653. mál.

Við frumvarpið bætist nýr kafli er verður VII. kafli, svohljóðandi:

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum.

11. gr.

Í stað 2. mgr. 8. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi: Með tóbaki í lögum þessum er átt við tóbaksjurtir (nicotiana) og allan varning unninn að öllu eða einhverju leyti úr þeim til neyslu, svo sem sígarettur, vindla, reyktóbak og neftóbak.

Athugasemdir:

Í ákvæðinu er lagt til að breyta skilgreiningu tóbaks í lögum um gjald af áfengi og tóbaki. Í núgildandi ákvæði er gert ráð fyrir að leggja skuli tóbaksgjald á allar vörur sem falla undir 24. kafla í viðauka I við tollalög nr. 88/2005. Nýverið hafa verið fluttar inn vörur sem svípar til tóbaks í útliti en innihalda þó ekkert tóbak. Samkvæmt skilgreiningu Tollstjóra falla slíkar vörur undir 24. kafla viðauka I sem tóbakslíki. Í eðli sínu er álagning tóbaksgjalds skattur á óvenjulega neysluvöru sem skaðar heilsu manna. Gengur það því gegn bæði takmarki og tilgangi laganna að leggja tóbaksgjald á vörur sem innihalda ekki tóbak.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. maí 2012
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, 653. mál

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 8. maí sl. þar sem óskað var umsagnar NASDAQ OMX Iceland hf. („**Kauphöllin**“) um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (breytingar er varða framkvæmd o.fl.), 653. mál. Kauphöllin vill koma á framfæri athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins er varðar breytingu á 2. mgr. 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Í fyrrgreindu ákvæði frumvarpsins er sett fram tillaga um að sérhver sá aðili sem hefur atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra sé skylt að halda eftir staðgreiðslu í tengslum við slík víðskipti. Nánar tiltekið verður aðilum; fjármálafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum og öðrum sem framkvæma verðbréfavíðskipti fyrir hönd einstaklinga eða lögaðila, gert skylt að reikna út, halda eftir og greiða staðgreiðslu af hagnaði vegna víðskiptanna. Kauphöllin telur að umrædd tillaga sé illframkvæmanleg, en forsenda fyrir réttum útreikningi á skattstofni vegna verðbréfavíðskipta er að upplýsingar um upphaflegt kaupverð séu tiltækar. Aðili sem hefur milligöngu um framkvæmd verðbréfavíðskipta hefur oftast en ekki takmarkaðan aðgang að slíkum upplýsingum. Þrátt fyrir þetta gerir 5. gr. frumvarpsins ráð fyrir að hann skuli bera ábyrgð á réttum skilum á staðgreiðslu.

Kauphöllin telur að 5. gr. frumvarpsins sé verulega íþyngjandi fyrir aðila sem hafa milligöngu um verðbréfavíðskipti og að framkvæmd til samræmis við ákvæðið verði flókin og óskilvirk. Enn fremur tekur Kauphöllin undir umsagnir frá KPMG ehf., Samtökum fjármálafyrirtækja og Víðskiptaráði þar sem mælt er gegn því að 5. gr. frumvarpsins verði samþykkt. Kauphöllin leggur til að ákvæðið verði fellt brott úr frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Magnús Kristinn Ásgeirsson,
lögfræðingur



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 8001
Vefang www.kpmg.is

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/2036
komudagur 4.5.2012

Reykjavík 3. maí 2012.

Umsögn KPMG ehf. við frumvarp á þingskjali 1047, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (breytingar er varða framkvæmd o.fl.) – 653. mál.

Þann 30. apríl. sl. gengu fulltrúar KPMG ehf. á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, að ósk nefndarinnar. Fundarefnið var ofangreint frumvarp. Fulltrúar KPMG ehf. gerðu munnlegar athugasemdir við eina grein frumvarpsins. Þær athugasemdir eru hér festar í letur að ósk nefndarinnar.

Athugasemdir KPMG ehf. beinast að 5. gr. frumvarpsins. Í frumvarpgreininni er lögð til breyting á 7. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum. Í lagagreininni er kveðið á um hverjir teljist launagreiðendur í skilningi þeirra laga, þ.e. á hverjum hvíli skylda til að halda eftir í staðgreiðslu, og skila í ríkissjóð, skatti af launagreiðslum.

Með 5. gr. frumvarpsins er lagt til skyldur launagreiðanda verði felldar á milligönguaðila um sölu erlendis heimilisfastra manna og lögaðila á hlutabréfum í íslenskum félögum. Með því yrði felld á milligönguaðila skylda til að halda eftir í staðgreiðslu og skila í ríkissjóð skatti af söluhagnaði hlutabréfa í þeim tilvikum að seljandinn ber hér á landi aðeins takmarkaða skattskyldu.

Í fyrsta lagi bendir KPMG ehf. á að eðlilegra væri að kveða á um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum erlendis búsettra manna og lögaðila í lögum nr. 96/1994, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, en að skilgreina hina erlendu aðila sem launþega, fjármagnstekjur þeirra sem laun og greiðendur fjármagnsteknanna sem launagreiðendur, eins og nú er gert í lögum nr. 45/1987.

Í öðru lagi bendir KPMG ehf. að greiðanda söluhagnaðar af hlutabréfum, hvort heldur í hlut á kaupandi bréfanna eða milligönguaðili um viðskiptin, er vandi á höndum við framkvæmd afdráttar skatts af hagnaðinum í staðgreiðslu. Í fæstum tilvikum hefur sá, er ber að halda skatti eftir, forsendur til að ákvarða rétta fjárhæð, þar sem hann býr ekki yfir vitneskju um stofnverð hlutabréfanna í hendi seljanda. Engu að síður er á hann felld ábyrgð á afdrætti réttar fjárhæðar.


Í þriðja lagi vekur KPMG ehf. athygli á að í 4. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987 er kveðið á um að réttilega ákvörðuð og innborguð staðgreiðslufjárhæð af söluhagnaði erlendis heimilisfasta seljanda teljist fullnaðargreiðsla skattsins og að ekki þurfi að fara fram frekari ákvörðun eða álagning skattsins. Ákvæði þetta er í hróplegu ósamræmi við þá staðreynd að félög með takmarkaðri ábyrgð eigenda, heimilisföst í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, eiga rétt til frádráttar fjárhæðar sem söluhagnaðinum nemur, skv. 9. tölul. a 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Ekki er í lögnum nr. 45/1987 kveðið á um að greiðanda söluhagnaðarins sé heimilt að taka tillit til þessa frádráttarréttar við ákvörðun staðgreiðslufjárhæðar.

Í fjórða lagi bendir KPMG ehf. á að í samningum þeim sem Íslenska ríkið hefur gert við erlend ríki, er að meginreglu kveðið á um að hagnaður af sölu hlutabréfa skuli einungis skattlagður í heimilisríki seljandans. Með því að fella afdráttarskyldu á kaupanda hlutabréfa, og milligönguaðila eins og í frumvarpinu er lagt til, er óþörf fyrirhöfn lögð á kaupanda, seljanda og skattyfirvöld.

Að mati KPMG ehf. yrði með umræddri tillögu í 5. gr. frumvarpsins aukið á umfang þeirra annmarka sem hér að framan eru raktir. Nær væri að sníða annmarkana af.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.



Alþingi
Erindi nr. P 140/2674
komudagur 18.5.2012



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Alþingi - efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. maí 2012
Mál nr. 1205004

Efni: Umsögn, frumvarp til laga um skatta og gjöld, 653. mál

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (breytingar er varða framkvæmd ofl.), 653. mál.

Samtökin mótmæla harðlega 10. gr. frumvarpsins þar sem gera á lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindagjöld varanleg. Þegar þessi lög voru sett, þá var það yfirlýst markmið stjórnvalda að þau ættu að gilda til skamms tíma og falla úr gildi í lok árs 2012. Það er sanngjörn krafa að við það sé staðið.

Samtökin hafa ítrekað lagt fram umsagnir vegna breytinga á umhverfis- og auðlindagjöldum, en þau hafa í raun verið viðbótarskattlagning, án nokkurra tengsla við umhverfishvata eins og haldið er fram á tyllidögum. Sjá nánar umsagnir dags. 18. nóvember 2011, 26. nóvember 2010 og 9. desember 2009.

Lög nr. 129/2009 hafa haft í för með sér að samkeppnisstaða sjávarútvegs og annarra útflutningsatvinnugreina hefur skekkst til muna. Sem dæmi má nefna að þrátt fyrir að sérstak kolefnisgjald sé lagt á t.d. í Noregi eru nokkrar atvinnugreinar undanþegnar því, eins og fiskiskipaflotinn, millilandasiglinga og flug.

Samtökin leggjast því gegn því að 10. gr. frumvarpsins nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir ritari

Komið þið sæl

Norðurorka hf. vil koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við fram komið „frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (breytingar er varða framkvæmd o.fl.)“ Þingskjal nr. 1047 – 653 mál.

Í VI. kafla frumvarpsins, 10. gr. er lögð til breyting á lögum nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatt og þar gert ráð fyrir að út úr lögnum falli 2. málslíður 13. gr. svo hljóðandi „Lögin falla úr gildi 31. desember 2012.“

Með umræddri breytingu er bersýnilega gert ráð fyrir að skattur sá er lögin fjalla um, umhverfis- og auðlindaskattur verði festur í sessi til frambúðar þrátt fyrir að ein af röksemdunum fyrir því að leggja hann á á sínum tíma hafi verið tímabundin þörf ríkissjóðs fyrir auknar tekjur vegna efnahagshrunsins. Er sú röksemd reyndar endurtekin í greinargerð með frumvarpinu en í sömu andráníni sagt að lögin og þar með skatturinn skuli verða „varanleg“. Ef halda á skattinum inni á nefndum forsendum væri rökrétt að setja inn nýtt tímamark um brottfall laganna en ekki að fella umræddan málslíð niður.

Á það hefur verið bent að skatturinn tekur ekkert tilliti til mismunandi stöðu veitna og þar með mismunandi kostnaðar við öflun heita vatnsins. Þannig bera þeir viðskiptavinir sem búa við dýrar veitur þyngri álögur en þeir sem búa við ódýrar veitur. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að raforka og heitt vatn eru grunnþarfi sem íbúar viðkomandi sveitarfélaga geta ekki án verið.

Í umræðum um lögin á sínum tíma var í veðri látið vaka að með skattinum væru viðskiptavinir orkufyrirtækjanna með einhverjum hætti að standa skil á eðlilegu endurgjaldi fyrir þær auðlindir sem þeir væru með óbeinum hætti að nýta í gegnum raforkuframleiðendur og hitaveitur. Hér ber að hafa í huga að forsendur auðlindanýtingarinnar eru mjög mismunandi að þessu leyti. Til að mynda byggir heitavatnsöflun Norðurorku að stærstum hluta til á samningum við landeigendur (einka aðila) um heimildir til að nýta umræddar auðlindir með borunum og jarðhitavinnslu, þ.e. byggir ekki á nýtingu þjóðlenda eða jarða í eigu ríkissjóðs til að mynda. Á sama tíma eru umræddir landeigendur (eigendur jarðhitaréttindanna) væntanlega að greiða sína skatta og skyldur af þeim tekjum sem þeir hafa af umræddum auðlindum.

Loks ber að geta þess að umhverfis- og auðlindaskattar eru á stundum í það minnsta látnir hafa það yfirbragð að þeir séu einkum lagðir á þá orkugjafa sem leiða til sóunar og eða eru umhverfisfjandsamlegir, en á sama tíma eru grænum orkukostum gert hærra undir höfði og þeir njóta ívilnanna og eru undanþegnir ýmsum sköttum og gjöldum til hins opinberra. Í umræddum lögum er ekkert upp úr þessum sjónarmiðum lagt og einungis virðist horft til tímabundinna erfiðleika í ríkisrekstrinum, en samt sem áður lagt til að skatturinn verði varanlegur.

Með framangreind sjónarmið í huga er umræddum breytingum mótmælt harðlega fyrir hönd viðskiptavina Norðurorku hf. og skorað á flutningsmann frumvarpsins að draga umræddann VI. kafla og þar með 10. gr. til baka.

F.h. Norðurorku hf.

Baldur Dýrfjörð hdl.



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 140/1936
komudagur 24.4.2012

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 24. apríl 2012 R2012040015
T-ums 07/12


Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld - 653. mál.

Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (breytingar er varða framkvæmd o.fl.) - 653. þingmál. Í frumvarpinu kemur fram að með því séu lagðar til ýmsar breytingar á skattalögum sem flestar varða framkvæmdaleg atriði.

Ríkisskattstjóri hefur ekki efnislega athugasemdir við frumvarpið. Ljóst er að skattframkvæmdin verður skilvirkari verði frumvarpið samþykkt og viss atriði í því til þess fallin að eyða óvissu sbr. 3. gr. þess. Af þessum sökum leyfir ríkisskattstjóri sér að leggja til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þorðarson


Guðrún J. Jónsdóttir

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/1986
komudagur 26.4.2012



Reykjavík 26. apríl 2012,

Efni: Umsögn Samtaka álframleiðenda um mál 653 – Skattar og ýmis gjöld

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld er í 10. grein lagt til að sólarlagsákvæði laga 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta verði felit brott, en lögín áttu að falla úr gildi í árslok 2012. Lögín fela sem kunnugt er í sér skattlagningu á raforku auk skattlagningar á eldsneyti í fljótandi formi.

Samtök álframleiðenda á Íslandi mótmæla þessum áformum harðlega og ítreka með bréfi þessu fyrri afstöðu sína til þessa máls.

Framlenging raforkuskatts er skýrt brot á samkomulagi er gert var við stjórnvöld í desember 2009. Samkomulag þetta fól í sér að álfyrirtækin þrjú sem starfa hér á landi auk Elkem á Grundartanga, féllust á fyrirframgreiðslu tekjuskatts á árunum 2010-2012 gegn því að álagning raforkuskatts yrði tímabundin til þriggja ára. Í fyrrnefndu samkomulagi segir að fyrirframgreiðsla fyrirtækjanna á tekjuskatti, „ásamt sköttum á raforku og kolefnislosun vegna fljótandi eldsneytis, sem lagðir verða á með sérstökum lögum, mun standa í þrjú ár frá árinu 2010 að telja. Skattarnir eru tímabundnir og falla niður í lok árs 2012.“

Fyrirtækin hafa staðið að fullu við sinn hluta þessa samkomulags með fyrirframgreiðslu tekjuskatts, samtals að fjárhæð 2.236 milljónir króna. Jafnframt má benda á að skatttekjur ríkissjóðs hafa aukist umtalsvert af starfsemi þessara fyrirtækja á sama tíma og ekki horfur á öðru en að sú verði raunin á næstu árum vegna umfangsmikilla framkvæmda og aukinna umsvifa í rekstri. Íslenskur áliðnaður leggur því mikið af mörkum til að styrkja afkomu ríkissjóðs á komandi árum.

Þá telja samtökin það ljóst að fyrrgreind áform brjóti einnig í bága við ákvæði fjárfestingasamninga félaganna við Íslensk stjórnvöld.

Á undanförunum árum hafa íslensk stjórnvöld lagt mikla áherslu á að laða hingað til lands aukna erlenda fjárfestingu. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess hægt sé að treysta samningum íslenskra stjórnvalda í þessu samhengi. Á það ekki síður við um þá fjárfesta sem þegar starfa hér á landi en nýja fjárfestingu.


Samtökin treysta því að íslensk stjórnvöld standi við gerða samninga og hverfi frá áformum sínum um framlengingu á álagningu raforkuskatts.

Meðfylgjandi er umsögn Samáls um þingmál nr 195: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, auk bréfs til Fjármálaráðuneytisins vegna þessa máls sem og afriti af samkomulagi Stjórnvalda, SA og fyrrgreindra iðnfyrirtækja frá desember 2009.

Samtökin myndu fagna því að fá að kynna nefndinni sjónarmið sín í þessu máli, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka álframleiðenda á Íslandi,



Þorsteinn Víglundsson

Framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðenda á Íslandi

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík 16. nóvember 2011,

Umsögn um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, 195. Mál:

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum vegna ársins 2012 er að finna tillögu að breytingum á lögum nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta. Með lögum þessum var á sínum tíma innleidd tímabundin skattlagning á raforku auk skattlagningar á eldsneyti í fljótandi formi en lögin áttu að falla úr gildi í árslok 2012.

Samkvæmt frumvarpinu er nú gert ráð fyrir að lögin haldi gildi sínu áfram auk þess sem tekið verði upp kolefnisgjald á eldsneyti í föstu formi, þ.m.t. kol og rafskaut, frá og með 1. janúar 2013.

Vegna þessara áforma vísa Samtök alframléiðenda á Íslandi til samkomulags fjármálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins annars vegar, og Norðuráls, RioTinto Alcan, Alcoa á Íslandi og Elkem á Íslandi hins vegar varðandi raforkuskatt og fyrirframgreiðslu tekjuskatts og annarra opinberra gjalda þann 7. desember 2009. Þar kemur skýrt fram að fyrirframgreiðsla fyrirtækjanna á tekjuskatti, „ásamt sköttum á raforku og kolefnislosun vegna fljótandi eldsneytis, sem lagðir verða á með sérstökum lögum, mun standa í 3 ár frá árinu 2010 að telja. Skattarnir eru tímabundnir og falla niður í lok árs 2012. Þess er að vænta að Ísland verði aðili að alþjóðlegu viðskiptakerfi með losun gróðurhúsalofttegunda er geti tekið gildi árið 2013 en ekki liggur fyrir hvernig það viðskiptakerfi verður útfært. Markmiðið er að slík skattheimta feli almennt ekki í sér lakari starfsskilyrði fyrir fyrirtæki sem reka starfsemi sína hér á landi samanborið við önnur Evrópuríki og erlenda samkeppnisaðila á sama markaði.“ (2. málsgrein fyrrnefnds samkomulags).

Fyrrgreind áform ríkisstjórnarinnar sem fram koma í frumvarpinu eru því skýrt brot á ofangreindu samkomulagi. Má þar einkum nefna þrennt til.

Í fyrsta lagi er ekki staðið við það ákvæði samkomulagsins að um tímabundna ráðstöfun sé að ræða sem falli úr gildi í árslok 2012. Raforkuskatturinn sem þar er á um kveðið er því varanlegur en ekki tímabundinn.

Í öðru lagi er nú áformað að taka upp kolefnisgjald á rafskaut. Slíkt gjald er hvergi innheimt annars staðar innan ríkja Evrópusambandsins og er hér því um mismunun að ræða sem skapar áliðnaði lakari starfsskilyrði hér á landi í samanburði við önnur Evrópuríki og erlenda samkeppnisaðila á sama markaði.

Í þriðja lagi stendur nú yfir endurskoðun á reglum Evrópusambandsins hvað varðar samræmda skattlagningu á orkugjafa (2003/96/EC). Þar kemur skýrt fram sú meginregla að fyrirtæki í iðngreinum sem hætt er við kolefnisleka séu undanþegin viðbótar skattlagningu á losun, þ.m.t. beinni skattlagningu á orkugjafa sem leiða til losunar gróðurhúsalofttegunda. Slík tvöföld skattheimta sé ekki til þess fallin að ná fram viðbótar samdrætti í losun heldur myndi aðeins verða til að auka kostnað fyrirtækjanna (7 mgr. formála reglugerðardraganna). Í skýringum með reglugerðardrögunum kemur jafnframt fram að það sé einn megintilgangur breytingar á reglugerðinni að koma í veg fyrir tvöfalda skattlagningu af þessu tagi.

Þessu til viðbótar er rétt að halda því til haga að ofangreind lagabreyting mun einnig brjóta gegn gildandi fjárfestingarsamningum í orkufrekum iðnaði.


Í skýringum með fyrirhugaðri lagabreytingu segir: „Ljóst er að taka þarf álagningu kolefnisgjalds til frekari skoðunar á næsta ári með hliðsjón af þeim breytingum sem framundan eru á viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda, en þær eru meðal annars fólgnar í því að losun frá álverum og járnblendi mun að öllum líkindum verða háð losunarheimildum frá og með 1. janúar 2013. Óljóst er hvað muni taka við þegar fyrsta tímabili Kyoto-bókunarinnar lýkur. Það er meðal annars ástæða þess að breikkun gjaldstofnsins tekur einungis til eins árs í þessu frumvarpi, en hugmyndin er sú að skoða málið heildstætt á árinu 2012.“

Hér er vísað til ákvæða samkomulagsins frá 2009 sem snéru að óvissu um hvernig endanleg útfærsla á viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, ETS, myndi þróast í þriðja fasa þess kerfis sem hefst 1. janúar 2013. Í þessu samhengi er rétt að benda á að lagarrammi ETS hefur nú tekið á sig skýra mynd og vinna íslensk fyrirtæki sem falla munu undir ETS frá 1. jan 2013 nú að innleiðingu þeirra reglna í starfsemi sinni. Allri óvissu sem vísað var til í samkomulaginu frá 2009 hefur því verið eytt. Íslenskur áliðnaður mun falla undir gildissvið ETS og fá úthlutað losunarheimildum í takt við viðmið kerfisins. Því er engin ástæða til að grípa til tímabundinna ráðstafanna líkt og vísað er til í greinargerðinni.

Í ljósi ofangreindra athugasemda leggja samtökin til að staðið verði við fyrirheit stjórnvalda sem fram komu í samkomulaginu frá 2009 og horfið frá þeim breytingum sem boðaðar eru á lögum nr. 129/2009 í frumvarpinu. Við erum reiðubúin að hitta Efnahags- og viðskiptanefnd og fara í gegnum sjónarmið okkar í málinu, sé eftir því óskað.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka álframleiðenda á Íslandi,



Þorsteinn Víglundsson

Framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðenda á Íslandi

Fjármálaráðuneytið
Guðmundur Árnason
Ráðuneytisstjóri



Efni: Áform íslenskra stjórnvalda um framlengingu raforkuskatts:

Sæll Guðmundur,

Þann 13. mars síðastliðinn var undirrituðum boðið til fundar í fjármálaráðuneytinu til að kynna áform íslenskra stjórnvalda varðandi fyrirkomulag á raforkuskatti. Samkvæmt núgildandi lögum á raforkuskattur að leggjast af í árslok þessa árs, í samræmi við samkomulag sem gert var við Samtök Atvinnulífsins, Alcoa Fjarðaál, Norðurál, RioTintoAlcan og Elkem þann 7. desember 2009.

Á fundinum kom fram að stjórnvöld hyggðust leggja að nýju fyrir Alþingi frumvarp um álagningu raforkuskatts. Skatturinn yrði ótímabundinn og myndi auk þess hækka frá því sem nú er, í takt við verðlagsþróun frá því hann var fyrst lagður á.

Samtök alframléiðenda á Íslandi mótmæla þessum áformum harðlega og ítreka með bréfi þessu fyrri afstöðu sína til þessa mál.

Framlenging raforkuskatts er skýrt brot á fyrrnefndu samkomulagi frá 2009 en þar kemur skýrt fram að fyrirframgreiðsla fyrirtækjanna á tekjuskatti, „ásamt sköttum á raforku og kolefnislosun vegna fljótandi eldsneytis, sem lagðir verða á með sérstökum lögum, mun standa í þrjú ár frá árinu 2010 að telja. Skattarnir eru tímabundnir og falla niður í lok árs 2012.“

Fyrirtækin hafa staðið að fullu við sinn hluta þessa samkomulags með fyrirframgreiðslu tekjuskatts, samtals að fjárhæð 2.236 milljónir króna. Jafnframt má benda á að skatttekjur ríkissjóðs hafa aukist umtalsvert af starfsemi þessara fyrirtækja á sama tíma og ekki horfur á öðru en að sú verði raunin á næstu árum vegna umfangsmikilla framkvæmda og aukinna umsvifa í rekstri. Íslenskur áliðnaður leggur því mikið af mörkum til að styrkja afkomu ríkissjóðs á komandi árum.


Þá telja samtökin það ljóst að fyrrgreind áform brjóti einnig í bága við ákvæði fjárfestingasamninga félaganna við íslensk stjórnvöld, í þeim tilvikum þar sem slíkir samningar eru í gildi.

Á undanförunum árum hafa íslensk stjórnvöld lagt mikla áherslu á að laða hingað til lands aukna erlenda fjárfestingu. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess hægt sé að treysta samningum íslenskra stjórnvalda í þessu samhengi. Á það ekki síður við um þá fjárfesta sem þegar starfa hér á landi en nýja fjárfestingu.

Samtökin treysta því að íslensk stjórnvöld standi við gerða samninga og hverfi frá áformum sínum um framlengingu á álagningu raforkuskatts.

Meðfylgjandi er umsögn Samáls um þingmál nr 195: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, auk minnisblaðs um lögmæti raforkuskatts og kolefnisgjalds, sem unnið var af Samáli og Samtökum atvinnulífsins af því tilefni.

Virðingarfyllst,



Þorsteinn Víglundsson

Framkvæmdastjóri Samtaka álfraðleiðenda á Íslandi

Afrit sent:

Oddnýju G. Harðardóttur, Fjármálaráðherra og starfandi Iðnaðarráðherra

Kristjáni Skarphéðinssyni, ráðuneytisstjóra Iðnaðarráðuneytis.



Alþingi
Erindi nr. P 140/2504
komudagur 15.5.2012

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. maí 2012

1205014SA GB
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frv. um br. á ýmsum skattalagaákvæðum, 653. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál, sem varðar breytingar á ýmsum ákvæðum skattalaga.

Sambandið gerir einungis athugasemd við 10. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að fellt verði brott ákvæði 2. málsli. 13. gr. laga nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta, með síðari breytingum. Eins og Alþingi er kunnugt var lögum um umhverfis- og auðlindaskatta einungis ætlað að gilda í skamman tíma til að stuðla að aukinni tekjuöflun ríkisins. Samkvæmt 2. málslið 13. gr. laganna eiga löggin að falla úr gildi 31. desember 2012 en með þeirri tillögu sem fram kemur í 10. gr. frumvarpsins er lagt til að skattheimta þessi verði varanleg.

Í umsögn um frumvarp sem varð að lögum nr. 129/2009 gerði sambandið ekki athugasemd við að tekið yrði upp kolefnisjöfnunargjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti, sbr. I. kafla þess frumvarps, en sambandið lagði hins vegar alfarið gegn ákvæðum II. kafla frumvarpsins, sem felur í sér skattlagningu á hitaveitur og rafveitur. Um afstöðu sambandsins til slíkrar skattlagningar sagði m.a. eftirfarandi í umsögn sambandsins, sem er dagsett 9. desember 2009:

„Í meðfylgjandi minnisblaði sviðsstjóra lögfræðisviðs sambandsins eru reifaðar veigamiklar athugasemdir við ofangreint frumvarp. Með vísan til þess sem þar kemur fram leggst sambandið alfarið gegn ákvæðum II. kafla frumvarpsins, þar sem lagt er til að teknir verði upp beinir skattar á raforku og heitt vatn sem selt er í smásölu til neytenda.

Ekki verður annað séð en að frumvarpsákvæðin séu algerlega órökstudd og í beinni andstöðu við almenna stefnu stjórnvalda í orku- og auðlindamálum. Ástæða er til að benda á að nú þegar er greiddur 7% virðisaukaskattur til ríkissjóðs af heitu vatni og raforku. Hinir nýju skattar eru til þess fallnir að flækja skattkerfið til muna og þótt í frumvarpinu sé lagt til að þeir verði aðeins lagðir á tímabundið á árunum 2010-2012 er hætt á að þeir verði framlengdir og jafnvel hækkadir. Einnig er vert að benda á að þeir munu leiða til hækkunar á verði til neytenda og þar með hafa áhrif á neysluverðsvísitölu og þar með verðtrygðar skuldir heimilanna og eftir atvikum sveitarfélaga.

Hvað varðar skatt á heitt vatn sérstaklega er rétt að hafa í huga að um er að ræða almannaþjónustu sem sveitarfélög veita íbúum sínum þar



sem aðstæður henta til slíkrar starfsemi, nánast á kostnaðarverði. Ríkið virðist vera að feta sig inn á hættulegar brautir í sinni tekjuöflun með því að telja sig geta lagt beinan skatt á þessa þjónustu sem sveitarfélögin veita. Óhjákvæmilegt er að spyrja þeirrar spurningar hvort ýmis önnur þjónusta við íbúa sveitarfélaga verði þá einnig skattlögð í framtíðinni.“

Framangreind sjónarmið eru hér með ítrekuð af hálfu sambandsins og leggur sambandið til að við afgreiðslu málsins verði gerð sú breyting á 10. gr. frumvarpsins að 11. kafli laga nr. 129/2009 verði látinn falla úr gildi 31. desember 2012 eins og upphaflega var samþykkt á Alþingi. Sambandið gerir hins vegar ekki athugasemd við að gildistími 1. kafla laganna verði framlengdur ótímabundið, eins og lagt er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2016
komudagur 2.5.2012

Reykjavík, 2. maí 2012

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (breytingar er varða framkvæmd o.fl.). 653. mál.

Samtök atvinnulífsins vilja koma á framfæri frekari athugasemdum við ofangreint frumvarp og benda á að ákvæði 10. gr. frumvarpsins þar sem gera á varanleg lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindagjald, er brot á samkomulagi fjármálaráðuneytisins og iðnaðarráðuneytisins annars vegar, og Norðuráls, RioTinto Alcan, Alcoa á Íslandi og Elkem á Íslandi hins vegar varðandi raforkuskatt og fyrirframgreiðslu tekjuskatts og annarra opinberra gjalda þann 7. desember 2009.

Í samkomulaginu kemur skýrt fram að fyrirframgreiðsla fyrirtækjanna á tekjuskatti, „ásamt sköttum á raforku og kolefnislosun vegna fljótandi eldsneytis, sem lagðir verða á með sérstökum lögum, mun standa í 3 ár frá árinu 2010 að telja. Skattarnir eru tímabundnir og falla niður í lok árs 2012. Þess er að vænta að Ísland verði aðili að alþjóðlegu viðskiptakerfi með losun gróðurhúsalofttegunda er geti tekið gildi árið 2013 en ekki liggur fyrir hvernig það viðskiptakerfi verður útfært. Markmiðið er að slík skattheimta feli almennt ekki í sér lakari starfsskilyrði fyrir fyrirtæki sem reka starfsemi sína hér á landi samanborið við önnur Evrópuríki og erlenda samkeppnisaðila á sama markaði.“ Afrit af samkomulaginu fylgja með umsögn þessari, ásamt bréfi SA til fjármálaráðuneytisins 1.06.2010 og svari ráðuneytisins 15. sama mánaðar. Samkomulagið var síðan staðfest með sérstökum skriflegum samningum við hvert og eitt fyrirtækjanna.

Fyrirgreind áform ríkisstjórnarinnar sem fram koma í 10. gr. frumvarpsins eru skýrt brot á ofangreindu samkomulagi um að lögin falli úr gildi í árslok 2012. Raforkuskatturinn sem þar er á um kveðið verður því varanlegur en ekki tímabundinn.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Sameiginleg yfirlýsing
fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra, annars vegar, og
Samtaka atvinnulífsins og stórnotenda á raforku, hins vegar, um
ráðstafanir til að mæta erfiðri stöðu ríkissjóðs og
til að stuðla að auknum fjárfestingum í atvinnulífinu

Fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra, annars vegar, og Samtök atvinnulífsins og stórnotendur raforku, sem undirrita yfirlýsingu þessa, hins vegar, hafa orðið sammála um eftirtaldir ráðstafanir er hafa það að markmiði að stuðla að aukinni tekjuöflun ríkissjóðs á árunum 2010, 2011 og 2012, ásamt því að örva fjárfestingar hér á landi í því skyni að stuðla að atvinnusköpun og bættum hag þjóðarbúsins:

1. Vegna mikils samdráttar í efnahagslífinu og erfiðrar stöðu ríkissjóðs í kjölfar hans hefur það orðið að samkomulagi við nokkra af stærstu notendum raforku í landinu að þeir greiði fyrirfram árlega samtals kr. 1.200 milljónir á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á árunum 2013-2018. Fyrirframingreiðslan skiptist milli aðila í hlutfalli við raforkunotkun. Fyrirframingreiðslan er bundin við uppgjörsmýnt þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga.
2. Þetta fyrirkomulag, ásamt sköttum á raforku og kolefnislosun vegna fljótandi eldsneytis, sem lagðir verða á með sérstökum lögum, mun standa í 3 ár frá árinu 2010 að telja. Skattarnir eru tímabundnir og falla niður í lok árs 2012. Þess er að vænta að Ísland verði aðili að alþjóðlegu viðskiptakerfi með losun gróðurhúsalofttegunda er geti tekið gildi árið 2013 en ekki liggur fyrir hvernig það viðskiptakerfi verður útfært. Markmiðið er að slík skattheimta feli almennt ekki í sér lakari starfskilyrði fyrir fyrirtæki sem reka starfsemi sína hér á landi samanborið við önnur Evrópuríki og erlenda samkeppnisaðila á sama markaði.
3. Ríkisstjórnin mun leggja fram í upphafi vörðings 2010 frumvarp til laga um fvilnanir vegna fjárfestinga á Íslandi. Markmið þeirra laga verður að örva fjárfestingu í atvinnurekstri hér á landi og að tryggja markvissa beitingu hvata til fjárfestinga, innan þess ramma sem ákvæði EES samningsins setja.


Samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins um skattlagningu raforku (*Council Directive 2003/96/EC of 27 October 2003 restructuring the Community framework for the taxation of energy products and electricity*) eru til staðar ákveðnar heimildir fyrir stjórnvöld til að




SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

veita ívilnanir til fyrirtækja vegna fjárfestinga og annarra ráðstafana þeirra sem felá í sér orkusparnað eða minni losun gróðurhúsalofttegunda, þ.e. vegna umhverfisvænna fjárfestinga. Í tengslum við framangreint frumvarp munu stjórnvöld kanna kosti þess að nýta slík úrræði svo sem heimildir standa til þannig að þau megi nýttast fyrirtækjum sem starfa eða hyggjast starfa hér á landi.


Reykjavík 7. desember 2009.

Fjármálaráðherra



F.h. Samtaka atvinnulífsins




Iðnaðarráðherra




F.h. Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðaráls ehf.



F.h. Elkem á Íslandi ehf.



F.h. Alcan á Íslandi hf.



F.h. Norðuráls Grundartanga ehf.





Fjármálaráðherra
Steingrímur J. Sigfússon
Arnarhvali við Lindargötu

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 01.06.2010

Þann 7. desember 2009 undirrituðu fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra, annars vegar og Samtök atvinnulífsins og stórnotendur á raforku, hins vegar, sameiginlega yfirlýsingu um ráðstafanir til að mæta erfiðri stöðu ríkissjóðs og til að stuðla að auknum fjárfestingum í atvinnulífinu. Samkomulagið fól m.a. í sér að stærstu notendur raforku í landinu greiddu fyrirfram árlega 1,2 ma.kr. á árunum 2010, 2011 og 2012 upp í væntanlega álagningu á tekjuskatti og öðrum opinberum gjöldum á árunum 2013-2018. Þetta fyrirkomulag, ásamt sköttum á raforku og kolefnislosun vegna fljótandi eldsneytis, sbr. lög nr. 129/2009, var skv. samkomulaginu ætlað að standa í 3 ár frá árinu 2010 að telja og falla niður í lok árs 2012. Með samkomulaginu var verið að kveða niður ótta erlendra fjárfesta við íslenskt skattaumhverfi í kjölfar hugmynda stjórnvalda í fjárlagafrumvarpi 2010 um sérstaka skattlagningu á stóriðju.

Í ríkisútlitvarpinu 21. maí sl. var haft eftir Birni Vali Gíslasyni, varaformanni fjárlaganefndar Alþingis og fulltrúa í fjárlagahópi á vegum ríkisstjórnarinnar, að stefnt væri að því að ná í ríkissjóð á árinu 2011 tíu til ellefu milljörðum króna með auknum sköttum. Að sögn Björns Vals verði reynt að ná meira út úr þeim sköttum sem teknir voru upp í fyrra, einkum orkuskatti á stóriðju, hátekjuskatti og auðlegðarskatti.

Samtök atvinnulífsins líta á það sem skýlaust brot á fyrrnefndum samningi ef stjórnvöld hyggjast hækka orkuskatta eða aðra skatta á stóriðju. Mikið hefur verið horft til aðkomu erlendra fjárfesta við uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi til framtíðar. Af þeirra hálfu skiptir stöðugt skattalegt umhverfi sköpum. Staðan í atvinnumálum og á vinnumarkaði þolir ekki óskýr eða misvísandi skilaboð til erlendra fjárfesta.

Til að eyða allri óþarfa óvissu óska Samtök atvinnulífsins hið fyrsta eftir skýru svari frá fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra um hvort ríkisstjórnin hyggur á frekari skattlagningu á stórnotendur á raforku en kveðið er á um í umræddu samkomulagi við stjórnvöld frá 7. desember 2009.

Virðingarfyllst,

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Arnathvái 150 Reykjavík
sími: 545 9200 heðfasími: 562 8280
netfang: postur@fjr.stj.is
www.fjarmalaraduneyti.is

Samtök atvinnulífsins
Vilhjálmur E. Gilsson
Borgartúni 35
Pósthólf 520
105 Reykjavík

Reykjavík 15. júní 2010
Tilv.: FJR0/06009/410

Við er til bréfs yðar frá 1. júní sl., þar sem að fram kemur ósk um að eytt verði hið fyrsta óvissu um hvort ríkisstjórnin hyggi á frekari skattlagningu á stórnötendur á raforku en þeirri sem kveðið er á um í sameiginlegri yfirlýsingu fjármálaráðherra og iðnaðarráðherra, annars vegar, og Samtaka atvinnulífsins og stórnótenda á raforku, hins vegar, um ráðstafanir til að mæta erfiðri stöðu ríkissjóðs og til að stuðla að auknum fjárfestingum í atvinnulífinu frá 7. desember.

Með vísan til 2. tölul. sameiginlegrar yfirlýsingar frá 7. desember vill fjármálaráðuneytið taka fram að ekki eru uppi áform um annað en að virða ákvæði þess samkomulags, sbr. bæði 1. og 2. tölulið og þá er rétt að benda á að Alþingi hefur nú lögfest frumvarp um ívilnun vegna fjárfestinga, sbr. 3. tölulið samkomulagsins.

Fyrir hönd ráðherra



Guðmundur Arnason

VE			
Kom: 18 JUNI 2010			
SA NR. 5128			

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. apríl 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (breytingar er varða framkvæmd o.fl.). 653. mál.

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn samþykkt ákvæðis 10. gr. frumvarpsins þar sem gera á lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindagjald, varanleg en þau eiga að falla úr gildi í árslok 2012. Löggin voru sett á sínum tíma sem hluti af áætlun ríkisstjórnarinnar og Alþjóða gjaldeyrissjóðsins um jöfnuð í ríkisfjármálum 2009-2013. Þrátt fyrir að þessi skattheimta sem og önnur skattheimta ríkissjóðs hafi verið aukin enn frekar með nýjum lagaákvæðum á árunum 2010 og 2011 hafa tekjur ríkissjóðs ekki orðið þær sem að var stefnt og markmiðum ríkisstjórnar um jöfnuð í ríkisfjármálum hefur verið slegið á frest.

Ástæða þessa er öllum kunn. Stjórnvöldum hefur ekki tekist að skapa atvinnulífinu þau rekstrarskilyrði sem nauðsynleg eru til þess að fyrirtæki sjái sér hag í að fjárfesta og þar með leggja grunn að nýjum störfum. Í annan stað hefur ekkert orðið úr þeim áformum um opinberar framkvæmdir sem tilgreindar voru í stöðugleikasáttmála stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins frá júní 2009 og voru ein af forsendum áðurnefndrar áætlunar um jöfnuð í ríkisfjármálum. Þá hafa viljrði stjórnvalda um að styðja við uppbyggingu orkufreks iðnaðar litlu sem engu skilað. Af þessum sökum stefnir nú í að landsframleiðsla á næsta ári verði um 100 milljörðum króna lægri en gert var ráð fyrir þegar efnahagsáætlun þáverandi ríkisstjórnar og AGS var samþykkt haustið 2008. Þetta þýðir að störf á Íslandi verða líklega um 10 þúsundum færri en ella.

Þrátt fyrir fagrar útskýringar í upphaflega frumvarpinu að lögnum um hvernig umhverfis- og auðlindagjaldið er reiknað út hefur það ekkert með umhverfismál að gera heldur er það fyrst og fremst til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð og er sama eðlis og vörugjöld. Ekkert mat var heldur lagt á áhrif skattheimtunnar til minnkunar útstreymis gróðurhúsalofttegunda þegar gjaldið var fyrst lagt á.

Þegar lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindagjöld voru samþykkt var gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af sköttum sem þau innihéldu yrðu um 4,7 milljarðar króna á ársgrundvelli. Frá þeim tíma hefur kolefnisgjaldið verið tvívegis hækkað, síðast með lögum nr. 164/2011, og er gjaldið nú um tvöfalt hærra en upphaflega. Í fjárlögum 2012 eru tekjur ríkissjóðs af kolefnisskatti á fljótandi jarðefnaeldsneyti og skatti af seldri raforku og heitu vatni áætlaðar 5,8 milljarðar króna. Hér er enn eitt dæmið um að aukin skattheimta skilar ekki tekjuáformum stjórnvalda þegar upp er staðið.

Á sínum tíma bentu SA á að aðaláhrif þessarar skattlagningar væru að samkeppnisstaða sjávarútvegs og annarra útflutningsgreina skekkist verulega. Sem dæmi var nefnt að norsk fiskiskip eru undanþegin kolefnisgjaldi. Oliukostnaður, einn stærsti útgjaldaliður útgerðarinnar, hefur hækkað mikið síðastliðin ár og fer enn hækkanði. Íslensk stjórnvöld



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

verða að hafa það í huga að íslensk útflutningsfyrirtæki geta ekki tekið meira á sig en samkeppnisaðilar í öðrum löndum. Í ljósi framangreinds er því mælt gegn því að þessi tímabundna skattheimta verði gerð varanleg.

Samtök atvinnulífsins leggja enn fremur gegn samþykkt 5. gr. frumvarpsins en með henni er lögð til breyting á framkvæmd við skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa í eigu erlendra aðila (aðila með takmarkaða skattskyldu). Verði ákvæðið að lögum verða fjármálafyrirtæki skyld til að halda eftir staðgreiðslu af söluhagnaði hlutabréfa í eigu erlendra aðila en það hefur ekki verið gert fram að þessu. SA taka undir þau rök sem Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) setja fram gegn þessari lagabreytingu, sbr. umsögn þeirra til efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 24. apríl 2012.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1954
komudagur 25.4.2012

SFF
SAMTÖKEFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 24. apríl 2012

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (breytingar er varða framkvæmd o.fl.), 653. mál.

SFF gera athugasemd við 5. gr. frumvarpsins en með henni er lögð til breyting á framkvæmd við skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa í eigu erlendra aðila (aðila með takmarkaða skattskyldu). Verði ákvæðið að lögum verða fjármálafyrirtæki skyld til að halda eftir staðgreiðslu af söluhagnaði hlutabréfa í eigu erlendra aðila en það hefur ekki verið gert fram að þessu. SFF eru móttfallin þessari lagabreytingu á grundvelli eftirfarandi raka:

Undanfarin misseri hafa tíðar breytingar verið gerðar á skattalögum sem valdið hafa ruglingi í viðskiptum við erlenda aðila. Má sem dæmi nefna að þann 29. júní 2009 samþykkti Alþingi lög nr. 70/2009, um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Með þessari lagabreytingu urðu vaxtagreiðslur til erlendra aðila skattskyldar hér á landi en fram til þess tíma höfðu slíkar vaxtagreiðslur ekki verið skattlagðar. Vaxtagreiðslurnar voru skattlagðar um 18 til 20%, eftir atvikum, en eftir lagabreytingar frá desember 2011 eru framangreindir vextir skattlagðir um 10%. Í greinargerð með þeim lögum koma fram fyrirheit um að afnema skattinn um næstu áramóti. Fjármálafyrirtæki finna fyrir mikilli undrun erlendra samstarfsaðila á fjármálamarkaði vegna tíðra breytinga á skattalögum hér á landi. Þessar tíðu breytingar valda vantrausti erlendra aðila á íslenskt viðskiptaumhverfi og stjórnsýslu. Mikilvægt er að í lagaumhverfi á sviði skatta ríki festa og stöðugleiki til þess að erlendir aðilar öðlist að nýju, eftir efnahagshrunið, tiltrú á viðskiptum við íslenska aðila.

Ef fjármálafyrirækjum verður gert skylt að halda eftir staðgreiðslu söluhagnaðar hlutabréfa þá þarf að hafa í huga að sjaldnast liggja fyrir hjá þeim upplýsingar um réttan söluhagnaður sem skattur er greiddur af, þar sem fjármálafyrirtækin hafa sjaldnast upplýsingar um kaupverð hlutabréfanna og geta þau því ekki reiknað út réttan skattskyldan söluhagnað. Þetta kallar á beiðni um leiðréttingar til skattýfirvalda með tilheyrandi vinnu fyrir skattýfirvöld og óánægju viðskiptavina.

Innleiðing á staðgreiðslu af söluhagnaði hlutabréfa í eigu erlendra aðila kallar á tímafreka og kostnaðarsama forritun vegna breytinga á tölvukerfum fjármálafyrirtækja. Ef löggjafinn lögfestir ákvæðið er útilokað að fjármálafyrirtæki geti unnið á grundvelli ákvæðisins taki það gildi strax í vor að þingi loknu. Verði ákvæðið að lögum þarf að fresta gildistöku þess t.d. til 1. janúar 2013, til að veita fjármálafyrirtækjum ráðrúm til að breyta kerfum og innleiða nýja verkferla.

Virðingarfyllst.

Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (breytingar er varða framkvæmd o.fl., 653. mál).

Umboðsmaður skuldara hefur móttengið erindi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 8. maí 2012 þar sem óskað var eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Embættið telur fyrirhugaða breytingu sem ákvæði 3. gr. breytingarlaganna felur í sér til bóta, um ræðir viðbót við bráðabirgðaákvæði XL. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Eðlilegt er að sömu sjónarmið gildi um skattaleg áhrif í kjölfar endurútreiknings vegna dóms Hæstaréttar frá 15. febrúar 2012 eins og hefur gilt um endurreikninga í kjölfar dóms Hæstaréttar frá 16. júní 2010. Það að umræddir endurreikningar á ólögnum vöxtum hafi ekki skattaleg áhrif felur í sér vernd fyrir skuldara sem þegar hafa þurft að sæta mikilli óvissu, skerðinga og orðið fyrir tjónum vegna hinna ólögnum lána.

Virðingarfyllst,

f.h. embættis umboðsmanns skuldara



Brynja D. G. Briem lögfræðingur

Alþingi
Erindi nr. P 140/2544
komudagur 18.5.2012

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Reykjavík, 18. maí 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld (653.mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á fjölmörgum skattalagaákvæðum.

Viðskiptaráð gerir einkum tvær athugasemdir við frumvarp þetta. Annars vegar að breyting í 5. gr. frumvarpsins, er varða skyldu til að halda eftir í staðgreiðslu skatti af söluhagnaði hlutabréfa, muni koma til með að reynast nær óframkvæmanleg og hins vegar að fella eigi brott sólarlagsákvæði laga um umhverfis- og auðlindaskatta, sem ella hefðu fallið brott í árslok.

Hvað varðar 5. gr. frumvarpsins þá skiptir þar mestu að greiðandi söluhagnaðar af hlutabréfum hefur í fæstum tilvikum upplýsingar um stofnverð hlutabréfanna hjá seljanda. Viðkomandi greiðandi, kaupandi bréfanna eða milligönguaðili, á því erfitt um vik með að ákvarða rétta fjárhæð til að halda eftir og skila í ríkissjóð. Þá er kveðið á um í ákvæðinu að réttlæga ákvörðun og innborgun skattgreiðsla af söluhagnaði seljanda með erlent heimilisfesti teljist fullnaðargreiðsla skattsins og því þurfi ekki að fara fram frekari ákvörðun eða álagning. Eins og bent hefur verið á þá gengur þetta á skjön við þá staðreynd að félög með takmarkaða ábyrgð eigenda, sem heimilisföst eru á EES-svæðinu, eiga rétt til frádráttar fjárhæðar sem söluhagnaðinum nemur.¹ Að auki gengur skattlagning söluhagnaðar hér á landi gegn fjölmörgum tvísköttunarsamningum þar sem meginreglan er sú að slíkur hagnaður skuli eingöngu skattlagður í heimilisríki seljandans. Nóg er um ástæður fyrir erlenda aðila að leggja ekki í fjárfestingar hér á landi án þess að bætt sé um betur með þessum hætti.

Viðskiptaráð leggur til að 5. gr. frumvarpsins verði felld brott.

Með 10. gr. frumvarpsins er sólarlagsákvæði laga um umhverfis- og auðlindaskatta nr. 129/2009 felld brott sem leiðir til þess að skattheimtan verður varanleg. Viðskiptaráð lagðist gegn þeim lögum á sínum tíma m.a. á þeim grunni að þau hefðu ekki verið samin í samráði við hlutaðeigandi fyrirtæki, skattlagningunni væri beint að ákveðnum atvinnugreinum og væri því til þess fallin að hafa bein áhrif á samkeppnisstöðu þeirra, skattlagningin myndi leggjast með ólíkum hætti á fyrirtæki og að með henni væri dregið úr gagnsæi í verðlagningu raforku og heits vatns og orkuverð hækkað – til viðbótar við aukna neysluskatta og tekjuskatta heimila og fyrirtækja.² Þá hefur verið bent á að ekkert mat hafi fylgt lögnum um vænt áhrif skattheimtunnar til minnkunar útstreymis gróðurhúsalofttegunda auk þess sem skatturinn hafi ekki skilað þeim tekjum sem stefnt var að í upphafi, líkt og fleiri skattahækkunar síðustu ára.³

Viðskiptaráð leggur til að 10. gr. frumvarpsins verði felld brott

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands

¹ Sjá m.a. umsögn KPMG við frumvarpið.

² Sjá umsögn Viðskiptaráðs dags. 11.12.2009 við þingmál 257.

³ Sjá m.a. umsögn SA við frumvarpið.